

C Q T F



Myndin er af þeim Oddi TF3VON og Hinriki TF3VHN Vilhjálms-sonum á Morse námskeiði hjá Axel TF3AX. Morse námskeiðið var hluti að amatörnámskeiði sem Radióskátar héldu í janúar og febrúar á þessu ári.
Myndina tók Valtýr Einarsson TF3VG

Í þessu blaði

2. tbl.
21. árg.
Maí 2003



Frá ritstjóra	2
Fundargerðir stjórnarfundna	3
Ham Radio University	4
Hitt og þetta um kóaxkapla	5
Félagatal ÍRA 2003.	7
Frá formanni	9
Mælitæki og merkjagjafar 2.	10
Meiri bakþankar	13
Tvípólaður Moxon.	13
Úr ýmsum áttum.	15
Aðalfundur ÍRA 2003	16

Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðind.*
- Stuðla að öflugri áskuldyðsstarfsemi og kynningu á amatörradiói meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2002-2003 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar og gleðilegt sumar.

Ég vill nota þetta tækifæri til að óska nýjum leyfishöfum til hamingju með árangurinn og vænti þess að sjá þá sem flesta í loftinu og innan raða félagsins. Radióskátum óska ég til hamingu með glæsilegt námskeið sem tókst mjög vel í alla staði.

Flutningi félagsaðstöðunnar úr Þróttheimum í Skeljanesið er lokið og þó að ég hafi ekki séð aðstöðuna þá er mér sagt að þetta sé með því besta sem félagið hefur haft lengi og almenn ánægja ríki með staðinn. Þetta er hið besta mál og vonandi fáum við að vera þarna sem lengst.

Undanfarið hef ég verið að skoða ljósmyndir þær sem mér hafa áskotnast af starfi radióamatöra en þetta safn telur ná dálítið á annað þúsund myndir og kennir þar margra grasa. Ég dundaði mér við að setja þessar myndir inn í myndaalbúmsforrit og eru þær nú orðnar mun aðgengilegri en verið hefur og þægilegra að leita í þeim. Skýringartexti var settur með þeim flestum þar sem talið er upp hverjir séu á myndunum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim, sem sent hafa mér myndir til skönnunar, innilega fyrir og sérstaklega þeim Stefáni TF3S sem lánaði mér gamalt safn frá föður sínum TF5TP og Haraldi TF3A sem sendi mér myndir frá Magnúsi TF3MB og sér sjálfum. Ástæðan fyrir því að ég er að minnast á þetta hér er sú að ég veit að þið eigið fullt gömlum myndum í geymslum og gömlum skókössum og nú langar mig til að biðja alla þá er eiga ljósmyndir eða filmur, svarthvítar eða lit, frá starfi radióamatöra, sínu sem annarra að vera nú svo væna að lána mér þetta til skönnunar. Ég er alls ekki að biðja um þetta til eignar heldur mun öllu verða skilað um leið og skönnun er lokið. Ekki mundi skemma ef með fylgdi lýsing á því hverjir hafi tekið myndirnar og hverjir séu á þeim, þar sem að er vitað. Nú er bara að bursta rykið af umslögum og kössum og kanna hvort ekki leynist þar einhverjir fjársjóðir. Utanáskriftin er: Brynjólfur Jónsson, Pósthólf 121, 602 Akureyri Síminn er 895-2372 og tölvupósturinn tf5bw@nett.is.

Í síðasta pistli minnst ég lítilega á tölvuforrit sem heitir AdAware sem er til þess ætlað að hreinsa allskonar óþjóðalýð út úr tölvunum hjá okkur. Þetta forrit virkar ágætlega en athugið að það þarf að uppfæra það reglulega því við hverja uppfærslu finnst eitthvað nýtt.

73 de TF5BW

CQ TF maí 2003

Fundargerðir stjórnarfunda

Ársæll Óskarsson TF3AO og Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS



Stjórnarfundur ÍRA haldinn í Skeljanesi 4. mars 2003, kl. 20:30. Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3TNT og TF3AO. TF3VG tilkynnti veikindi og TF3VS komst ekki

vegna anna.

Rætt um væntanlegan “Marconi Day” þann 26. apríl n.k. Þar sem við fáum ekki að vera inni Höfða, þurfum við að verða okkur út um afdrep, og var rætt um að reyna að fá innréttaðan gám. TF3TNT sagðist hugsanlega vita um gám, og ætlar að ræða við umráðamann og lætur vita af árangri. TF3GB er að smíða “multiband” dipól sem notaður yrði.

TF3GB sagðist vera búinn að taka til hliðar eitthvað af QSL kortum með vitamyndum sem ætlunin er að setja í albúm og koma fyrir í Knarrarósvita, ásamt tilvitnun á nokkrum tungumálum um tilurð þessara korta, þannig að gestir í vitann viti um tilkomu þeirra.

HP sagði frá áhuga sínum í að fara í Papey, til að koma upp nýju IOTA númeri. TF3AO sagði að kanna yrði betur hvort nýtt no. fengist, eða hvort bara væri nóg að fara í Viðey, þar sem í dag bera þessar tvær eyjar ásamt fleiri, no. EU168. TF3AO tekur að sér að hafa samband erlendis og leita eftir nánari upplýsingum um þetta.

TF3AO sagði frá að í athugun væri með að fá Internettenginu í félagsheimilið. Nánar síðar.

Rætt var um hvort rétt væri að fjárfesta í tölvu fyrir félagið. TF3TNT hafði tekið að sér að kanna verð á slíku og sagði að fyrir utan skjá, ætti að vera hægt að fá slíkan grip á ca. 30 þúsund kr. Ekki tekin ákvörðun um kaup að svo stöddu.

Varðandi flutning úr Þróttheimum. Rætt um að halda áfram og ljúka verkinu sem fyrst,

CQ TF maí 2003

þ.e.a.s. reyna að ná loftnetinu niður við fyrsta tækifæri eða þegar veður leyfir. Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði, TF3AO



Fundur í stjórn ÍRA að Skeljanesi 1. 4. 2003 kl. 20:30. Mættir TF3HP, TF3GB, TF3AO og TF3VS. TF3VET átti ekki heimangengt og TF3VG var erlendis. TF3TNT kom er liðið var á fund.

1. Formanni hefur borist bréf frá Sniglunum, sem eru meðleigjendur í Skeljanesi. Þeir lýsa yfir óánægju með að hafa verið sviptir aðstöðu í sal og vilja að öll félögin sem njóta aðstöðu á staðnum riti borgarráði bréf þar sem krafist verði að salurinn verði rýmdur og fenginn félögunum til afnota. Stjórn ÍRA finnst uppkastið af bréfinu full harkalegt og er formanni falið að ræða við Sniglaforustu og ræða aðra möguleika, t.d. hvort hægt sé að flytja þá starfsemi sem nú er í salnum í annað minna herbergi í húsinu.

2. Ákveðið er, að tillögu formanns að halda aðalfund 17. maí. Auglýsingu þarf að koma á net og í fréttabréfið CQ-TF.

3. Rætt er um þrif og aðgang í húsinu. Rætt um að leggja til við meðleigjendur að komið verði á fót húsráði sem geti tekið ákvarðanir um sameign, skipulagt þrif og komið festu á umgengi.

4. Rætt um Marconi-daginn 26. apríl. Ljóst er að við fáum ekki að vera inni í Höfða og eru vandræði fyrirsjáanleg með vistarveru utandyra. Ýmsar hugmyndir viðraðar um húsbíl, vinnuskúr og fl.

Fundi lokið kl. 22:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Ham Radio University

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Nei þetta er ekki háskóli fyrir Radíóamatöra eins og nafnið gæti gefið til kynna.

Þetta hugtak er til komið vegna þess að amerískur

amatör Phil Lewis N2MUN fékk þá hugmynd að nota húsnæði háskóla til þess að halda eins konar uppá komu til að reyna að kveikja nýjan neista hjá amatörum sem ekki hafa verið virkir. Þessu var ekki sérstaklega beint að þeim sem væru ekki amatörar en hefðu sýnt áhuga heldur að þeim sem hefðu amatöra skírteini þó svo að allir væru að sjálfsögðu velkomnir.

Hugmyndin var að þetta yrði gert með því að halda tölu eða erindi í 45 mín. um mismunandi greinar amatör mennskunnar. Ekki yrði flóamarkaður eða annað umstang í þeim dúr og allir sem héldu tölu og eða kynningu væru sjálfbodaliðar og vel skólaðir hver á sínu sviði.

Þar sem undirritaður er oft of veikgeðja til að segja nei var maður kominn á kaf í að undirbúa QRP fyrirlestur og sýna tæki og annað sem viðkemur QRP.

Það voru 13 fyrirlestrar í þremur kennslustofum og var ýmsu gerð skil eins og t.d. einföld loftnet, DX, VHF/UHF, endurvarpar, ATV/ARES, EMI/RFI, QSL, QRP, kontestar svo eitt-hvað sé nefnt.

Það var kaldur dagur í febrúar þegar

háskólinn hérna heldur SAIT (Southern Alberta Institute of Technology) sem er tækni skóli og undirritaður ber til stofnunarinnar sterkar taugar sem fyrirverandi nemandi við stofnunina.

Fyrirlestrarnir voru eins og við mátti búast misvel sóttir en mesta furða hvað tündist til af mannskap. Það voru margir sem sóttu fyrirlestra hjá öðrum meðan þeir voru að bíða eftir að röðin kæmi að þeim sjálfum og veit ég til að nokkrir amatörar hafa fengið áhuga á öðrum greinum eins og t.d. moonbounce og að gera upp og nota gömul tæki.

Viðbrögð voru það jákvæð að ætlunin er að halda þetta aftur af ári og ætla undirritaður að sækja nokkra fyrirlestra eins og til að mynda um sólbletti, QSL leyndarmál og APRS svo eitthvað sé nefnt. Þetta framtak er til fyrirmyndar hjá amatörum hérna fyrir vestan og veit ég til þess að þetta hefur verið gert á öðrum stöðum (sjá CQ júní 2002, bls.32) ekki veitir af að styrkja þá amatöra sem fyrir eru með því að endurvekja áhugann sem fyrir var. Okkar áhugamál virðist alltaf eiga undir högg að sækja og er sókn oft besta vörnin.

73 de Niels J. Kristjánsson
TF3NJ/VA6NJ

Hitt og þetta um kóaxkapla

Ivan Stauning OZ7IS

Fræðin um sendilínur er orðin næstum 150 ára gömul. Grunnurinn að þessum fræðum var lagður um miðja 19. öld, en það var ekki fyrr en upp úr 1930 sem verksmíðjuframleiðsla á kóaxköplum, sem hægt var að nota á háum tíðnum, hófst. Plast tímabilið var hafid og þá var hægt að framleiða einangrunarefni sem voru tiltölulega taplítill. Framfarir í radió- og radartækni í seinni heimsstyrjöldinni flýttu þessari þróun og við stríðslok voru kóaxkaplar í kílómetravis á herlagerum. Síðan þá höfum við radióamatörar fundið allskonar aðra notkunarmöguleika fyrir kóaxkapla en sem sendilínur.


Í greininni hér á eftir verða gefin góð ráð og upplýsingar um notkun á kóaxköplum, og kannski verðum við einstök godsögn eða hættum annars án formlegheita.

Hænsnastigi, tvíleiðari eða samliggjandi fæðir

Í árdögum radiósins var langt frá því alltaf notaðar háþróaðar fæðilínur. Menn tengdu loftnet og sendi saman með vír! Hann varð þannig hluti af loftnetinu og geislaði því frá sér orku. Dæmi um þetta eru “L” og “T” loftnetin og ýmsar útfærslur af þeim, sem ennþá eru notuð og eru hreint ekki svo slæm. Þessi aðferð við að fæða loftnet hafði í för með sér að staðsetning fæðilínunnar hafði áhrif á virkni loftnetsins. Þetta gat líka orsakað háa spennu með truflunum, yfirsveiflum og einnig bruna ef vírinn kom of nálægt þakrennu, blikkþaki eða því um líku.

Það var skref til vandaðri uppsetningar þegar menn fóru að nota ballanseraðar fæðilínur í formi tvíleiðara, oft nefnt “hænsnastigi”, sem oftast var með 300 eða 800 ohm samviðnámi. Margir muna einnig eftir 240/300 ohma tvíleiðaragerðum, sem voru notaðar fyrstu árin eftir að FM-útvarp og sjónvarp byrjuðu.

Þessi gerð fæðilínu leysti ýmis vandamál.



Ef loftnetið er elektronískt ballanserað, jafnast straumurinn í fæðilínunni og útgeislun fæðilínunnar verður því í lágmarki. Truflanir verða aðeins mjög nálægt fæðilínunni. Með því að tengja fæðilínuna hornrétt á loftnetið hefur hún lágmarks áhrif á útgeislun þess.

Ókostir hænsnastigans eru þó eftir sem áður há spenna og hættan á leiðni í nálæga hluti. Það er ekki hægt að grafa hann og vilji maður festa hann við málmmastur eða loftnetsbómu þarf að nota mjög góða einangrun og vera öruggur um að hún sé, mekanískt séð, uppbyggð samhliða og verði elektronískt ballanseruð. Snjór, rigning og salt á þrepum hænsnastigans eykur deyfingu til muna. Það er reynsla sem er gömlum amatörum í fersku minni. Áður fyrr þegar erfitt var að fá plastefni var tré gjarna notað í þrepin og það einatt soðið í olíu fyrir notkun.

Spenna á svona hásamviðnáms fæðilínu getur verið há, jafnvel lífshættulega há, sérstaklega ef standbylgjan er há. 1 kW CW gefur 1100 volta spennutopp ef um er að ræða 600 ohma línu. Ef standbylgja er meiri

en 1:1 eykst spennan í versta falli með kvadratrótinni af standbylgjunni.

Hænsnastiginn er þó ekki útdauður, hann hefur þvert á móti fengið uppreisn æru á seinni árum. Hægt er að kaupa vandaða verksmiðjuframléidda tvíleiðara með samviðnámi á milli 300 og 450 ohm. Þessi gerð fæðilínu hefur þann kost, að hún er nánast taplaus, venjulega um 10% af tapinu í t.d. RG58/U. Það er einnig hægt að búa sjálfur til hænsnastigann úr vír og heimatilbúnum plastþrepum.

Kóaxkapallinn

„Co-axial“ þýðir að leiðari og skermur hafa sameiginlega miðju, ólíkt tvíleiðara (hænsnastiga).

(TF3DX hefur gefið kóax það ágæta nafn „sammiðjustrengur“ eða „sammiðju-kapall“.)

Í kóaxkapli rennur straumurinn út eftir miðjuleiðaranum og það sem fer til baka rennur innan á skermingunni. Þetta gerir miklu auðveldara að nota kóax en tvíleiðara. Fræðilega séð rennur enginn straumur á ytri hluta skermisins og má því t.d. leggja hann á jörðina, festa hann á málmmöstur og loftnetsbómur. Sé plastkápán utan um kapalinn af þokkalegum gæðum er ekkert því til fyrirstöðu að grafa hann í jörð. Það væri þess vegna hægt að klæða hann í vatnsslöngu, aðeins þarf að hugsa fyrir frærennslisgötum. Sæmilega góður kóaxkapall þolir venjulega bæði snjó, salt og vatn en er þó ekkert of hrifinn af því að vera drekkt í vatni.

Samviðnám kapalsins er venjulega milli 50 og 93 ohm og stjórnast það í fyrsta lagi af muninum á milli ytra þvermáls leiðarans og innra þvermáls skermisins og í öðru lagi af einangrunargildi torleiðiefnisins þar á milli. 1 kW CW gefur u.þ.b. 316 volta spennutopp á 50 ohm kapli sem er há spennan en þó aðeins u.þ.b. 30% af spennunni á 600 ohm línu.

Reglan er að kóaxkapall deyfir meira en opin lína. Ef standbylgjan er há þá eykst deyfingin.

Annar mikilvægur munur á tvíleiðara og kóaxkapli er hraðastuðullinn (þ.e.a.s. hægingarstuðull), sem er skilgreindur sem munurinn á milli útbreiðsluhraða radióbylgju í fæðilínunni og í lofti (ljóshraða).

Venjulegur gamaldags RG58 eða RG213 kapall hefur hraðastuðul upp á u.þ.b. 66% af bylgju í lofti. Til samanburðar hefur nútíma kóaxkapall eins og H-1000 hraðastuðul upp á 83% og tvíleiðari u.þ.b. 95%. Ein bylgjulengd af tvíleiðara fæðilínu verður næstum 50% lengri en bylgjulengd af RG213.

Flestar gerðir amatörloftmeta hafa fæðisamviðnám á milli 30 og 100 ohm en verksmiðjuframléidd loftnet hafa yfirleitt 50 ohm samviðnám eins og sendiviðtæki radióamatöra. 50 ohm er besta málamiðlun á milli lægsta taps, sem liggur um 70 ohm og hæstu mögulegu virkni sem liggur um 30 ohm. Verksmiðjuframléidd senditæki vinna einnig alltaf á 50 ohm, aftur á móti vinna lágvirknikerfi eins og samnýtt loftnet, kapalsjónvarp og gagnaflutningakerfi á 75 ohm köplum.

Vestur-Þjóðverjar gerðu tilraunir, fyrr á árum, með aðeins eitt samviðnám fyrir allt eða 60 ohm en sá staðall náði ekki vinsældum annarsstaðar.

Tæknilegar upplýsingar kóaxkapa

Ef 50 ohm er hagstæðasta samviðnámsgildi, get ég þá ekki bara keypt mér eina rúllu af RG213 og notað hana í allt heila klabbíð? Bæði já og nei og þó mestan part nei. Sko, RG213 er eins góður og hann var upprunalega hugsaður en það er mjög langt síðan. Áður en þú ákveður hvaða kapal þú ætlar að nota þarftu að kanna hver þörfin er og kynna þér tæknilegar upplýsingar um kóaxkapa.

Flest höfum við einskorðað okkur við 50 ohma kapa eins og RG8/RG213 og RG58

Framhald í næsta blaði.

Félagatal ÍRA 2003



ÍRA
Íslenskir Radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík

Formaður ÍRA er TF3HP Haraldur Þórðarson

Félagsheimili ÍRA er í Þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík

Heiðursfélagar ÍRA eru

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Guðjón Einarsson	TF3AC	Hliðarhúsum 5	112 Reykjavík	551-8857	6954360@tal.is
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551 0907	
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553 2998	
Ágúst Sverrisson	TF3HW	Melhaga 17	107 Reykjavík	562 6431	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Tunguheiði 6	200 Kópavogur	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	200 Kópavogur	564 5760	tf3ao@amsat.org
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551 2337	
Ásgeir Örn Rúnarsson	TF3AI	Hrafnhólum 6	111 Reykjavík	557 4963	asgeir@aukaraf.is
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Grænuhlíð 10	105 Reykjavík	552 2343	baldur@kine.is
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Hraunbæ 198	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard M. Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Birgir Baldursson	TF3BB/OZ1LVD,	Hasselvanget 12,	DK 2680 Solróð Strand, Da		bib.solrod@get2net.dk
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	bjarnim@iads.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Eggert Steiness	TF3AS	Furugrund 44	200 Kópavogur	554-1857	eggerts@mmedia.is
Eliás H. Árnason	TF3AEN	Kaplaskjólsv. 58	107 Reykjavík	552 4013	
Elís Jónsson	TF3EX	Háahvammi 6	220 Hafnarfjörður		elis@hi.is
Erling Guðnason	TF3EE	Álftan. 14, 4hv.	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Miðtúni	861 Hvolsvöllur	555-4435	
Finnur Tómasson	TF4FT	Höfðastíg 20	415 Bolungarvík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Fríðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422-7050	kristjv@mi.is
Fríðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552-6132	tf3fk@isl.is
Gísli G. Öfeiggsson	TF3US	Mávahlíð 21	105 Reykjavík	551-8023	gislio@sigling.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðars. 4 kj.	105 Reykjavík	896 2468	gislipj@mmedia.is

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Guðjón H. Egilsson	TF3WO	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	gujjonhe@netscape.com
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvaöllum-Bergi	230 Keflavík	421 5040	tf8gx@gi.is
Guðmundur Haraldsson		Foldahrauni 38a	900 Vestm.eyjar	481-2447	gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðurlhvammí 6	220 Hafnarfjörður	565-3336	guðmundur@raftel.is
Guðmundur Sigurðsson	TF3GST	Míðvangi 117	220 Hafnarfjörður	555-0100	gummi117@visir.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565-7354	
Halldór K. Högnason	TF3DKT	Selbrekku 17, 200	Kópavogur 564-1936		halldor.hognason@islandssimi.is
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Míðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565-3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haraldur Þráinsson	TF3TR	Klyfjaseli 24	109 Reykjavík	849 1990	haralduorth@simi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kambuvegi 7	104 Reykjavík	568-5212	haukur@raf.is
Hilmar Árnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn	478 1337	
Hjalti Jóhannsson	TF3HJ	Háahvammí 1	220 Hafnarfjörður	565 2440	hjaltijoh@islandia.is
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Höskuldur Elíasson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinsson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	568 5801	ingibj@mmedia.is
Ingólfur H. Tryggvason	TF3JW	Jakaseli 16	109 Reykjavík	557 4927	
Íslenskir Rádióamatórar	TF3IRA	Pósthólf 1058	121 Reykjavík		
Ívar Magnússon	TF3IM	Hlíðarvegi 44	200 Kópavogur	554-3442	
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2 N-0563	Oslo, Norge 22678708		helgason@helgasondata.com
Jóhann Friðriksson		Hlíðargötu 8	600 Akureyri	481 1642	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaseli 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann Zoega	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupst.	477 1154	zoega@ismennt.is
Jóhannes Rögvaldsson	TF3DAT	Smárarima 76	112 Reykjavík	567 0743	
Jón Börkur Ákason	TF9JCN	Hverfisgötu 78	105 Reykjavík	552 2813	
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	tf5dz@est.is
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihj. 9 íb.10D	200 Kópavogur	554 3036	jonbergs@li.is
Jón Ívarsson	TF3AVT	Fálkagötu 8	107 Reykjavík	562 1431	
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Hlaðhömrum 36	112 Reykjavík	567-0047	jonth@simnet.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JRT	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Barðaströnd 31	170 Seltjarnarnes	561 2527	mrbobo@strik.is
Jökull Jóhannsson		Akurholt 9	275 Mosfellsbær	566-7169	
Karl Sigurðsson	TF3-073	Reykjabraut 6	815 Þorlákshöfn	483 3683	
Kári Snær Valtingoer	TF6KZ	Fjarðarbraut 42	750 Stöðvarfjörður		
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Birkivellir 14	800 Selfoss	482-1262	diesel@islandia.is
Kobeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551 9242	tf3kst@islandia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Garðaföt 7	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Danielsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristján Magnússon	TF3KM	Unnarbraut 28	116 Seltjarnarnes	562-2733	
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7226	tf3tf@simnet.is
Lárus Baldursson	TF3LB	Kríuási 45	221 Hafnarfjörður	897 5418	
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Lofur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554-6538	loftur@simi.is
Mattias Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	554-5204	mattiahia@centrum.is
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566-6829	matti@hi.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Safamýri 34	108 Reykjavík	553 5215	oro@icebank.is
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MX	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Ólafur Þ. Ólafsson	TF3MLT	48a rou du vin, L-5447	Schwesbange, Lux.	352-26665326	island@pt.lu
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588-3151	oskar@kpmg.is
Reidar J. Óskarsson		Rafkelsstaðav. 8	250 Garður	422 7213	
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holtgötu 3	730 Reyðarfjörður	474 1182	
Rúnar Þ. Valdimarsson	TF3RJ	Reynimel 64	107 Reykjavík	568 4501	runarthv@simnet.is
Sigurbjartur Ingvar Helgason		Vættab. 120	112 Reykjavík	567 5719	

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	Álfheimum 11	104 Reykjavík	588 3847	stb@rhus.rvk.is
Sigurður E. Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462-6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Fögrubrekku 41	200 Kópavogur	568-4440	
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flóka götu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Sigurður R. Jakobsson	TF3CW	Espilundi 11	210 Garðabær	864 0474	siggi@xo.is
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	tf8sm@simnet.is
Sigurður Ingólfsson	TF3SX	Áslandi 14	270 Mosfellsbær	566 7326	tf3sx@arrl.net
Stefán Arndal	TF3SA	Vesturhólum 15	111 Reykjavík	557 3230	
Stefán E. Sigurðsson	TF3-029	Skipasundi 88	104 Reykjavík	553 7434	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Drápuhlíð 2	105 Reykjavík	552 7068	steinis@simnet.is
Svavar I. Hermannsson		Tjarnarbóli 6	170 Seltjarnarnes	561 1555	svavarh@hi.is
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Eyjaholti 7	250 Garður	552 8873	hamradio@simnet.is
Sveinn Bragi Sveinsson	TF3SNN	Fífuselí 35	109 Reykjavík	567 0187	tf3sn@simnet.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brúna landi 20	108 Reykjavík	553-7596	
Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	116 Seltjarnarnes	561 7517	saemi@simi.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VD	Garðaföt 7	210 Garðabær	565 9096	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjállahlíð 12	270 Mosfellsbær	566-8045	tryggvason@isl.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Baughúsum 29	112 Reykjavík	567 1953	
Valtýr Einarsson	TF3VG	Seljabraut 24	109 Reykjavík	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vilhjálmur Sigurjónsson	TF3VS	Digranesv. 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson	TF3DX	Skúlagakvísl 10	110 Reykjavík	567 4013	villik@hi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbr. 133	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvogi 32	104 Reykjavík	553 6157	thorkell@isholf.is
Þorvaldur Stefánsson	TF3MM	Skúlagötu 32	101 Reykjavík		tf3mm@arrl.net
Þorvaldur Sveinbjörnsson	TF3TS	Glaðheimum 6	104 Reykjavík		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestm. eyjar	481 1045	
Þór Þórisson	TF3GW	Flétturima 2	112 Reykjavík	568 0013	tf3gw@amsat.org
Þórarinn Benedikz	TF3TZ	Álfalandi 11	108 Reykjavík	567 9396	
Ægir Bessason	TF3CB	Brúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568 1619	

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Gleðilegt sumar ágætu félagar þar kom að því að ÍRA fékk nýtt félagsheimili og það nokkuð gott að mínu viti og það besta er að ÍTR hefur nú viðurkennt að félög eins og okkar eiga rétt á stuðningi og er það vel.

En því miður er aðsóknin að aðstöðunni ekki eins góð og tilefnið gefur til. Hvernig sem á því stendur og þegar kom að því að vinna að flutningi og uppsetningu tækja á nýja staðnum voru jafnvel enn færri sem sáu sér fært að mæta. Hvað veldur er jafn erfitt að svara núna og að jafnaði áður. Jafnvel þeir sem í vor luku prófum hafa ekki verið tíðir gestir þrátt fyrir gylliboð um aðgang að klúbbsstöðinni og kynningu á hinum ýmsu forritum sem eru notuð fyrir "digimode".

CQ TF maí 2003

Hátt á annan tug voru á námskeiði sem var haldið nú í vor og enn sem fyrr voru það Radióskátar sem stóðu fyrir námskeiðinu og nú bar svo við að nokkrir björgunarsveitarmenn komu og tóku þátt og sveitirnar styrktu þá með því að greiða fyrir þá námskeiðsgjöld. Er þetta gleðileg þróun á tímum þar sem stefnt er að því að ríkið yfirtaki og reki sterka fjarSKIPTAþjónustu og á ég þar við með Tetra kerfið.

Eins og ykkur er kunnugt hafa frá stofnun AlmannaVarna hafa amatörar séð um radióþjónusta en eftir að ný lög voru samþykkt á Alþingi nú í vetur er ljóst að ekki er lengur þörf á þessu og þó svo að þessi þjónusta hafi ekki verið í nafni ÍRA finnst mér miður að þessum kafla sé lokið. Að leggja þetta niður kemst væntanlega í framkvæmd nú á næstu dögum.

Aðalfundur ÍRA verður 17 maí næstkomandi og hvet ég ykkur til að mæta.

73 de Haraldur Þórðarson TF3HP

Mælitæki og merkjagjafar 2

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX



Fyrsta og jafnvel einasta mælitækið sem margir amatörar komast í kynni við er fjölmælirinn sem er innibýggður í flest sendiviðtæki. Með honum er venjulega hægt að mæla styrk á

mótteknu merki, afl út frá sendi, standbýlgjuhlutfall og sitt hvað fleira. Í þessari grein ætla ég að fjalla um styrkmælinn eða S-mælinn eins og hann er venjulega kallaður. Farið var að nota S-einingar á fjórða áratug fyrri aldar (Art Braaten, W2BSR).

Upprunalega frá 1 til 5 en var fljótlega breitt í það horf sem við þekkjum, það er að segja 1 til 9. S9 er mjög sterkt merki en S1 heyrir varla [1] (ábendingar um ritverk og heimildir eru í lok þessa þáttar). Seinna komu óskir um að miða S-kvarðann við ákveðið fánlegt afl og að skilgreina aflmun á milli S-eininga. IARU hefur oftan en einu sinni rætt þessi mál og gert ályktanir þar að lútandi [2] [3]. Mér virðist sem flestir amatörar séu í dag sammála um eftirfarandi fyrir HF og lægri tíðnir: Ef loftnetsinngangur viðtækisins er 50 ohm, á merki sem er 50 mikróvolt að gefa 9 á S-mæli. Sé merkið nú deytt 6 dB (spennan 25 mikróvolt) á mælirinn að sýna 8. Sé merkið aftur deytt 6 dB (spennan 12,5 mikróvolt) á mælirinn að sýna 7 og svo framvegis. Þetta þýðir að S1 er 48 dB undir S9. Ef þú ert farinn að ryðga í að nota dB skoðuðu þá [4]. Á tíðnum yfir 144 MHz (sumir segja yfir 30 MHz) er S-kvarðinn 20 dB næmari. Merki sem er S9 + 20 dB á þessum tíðnum er þá S9 á HF. Oft er þægilegt að miða S-kvarðann við afl gefið í dBm (núll dBm er = 1 mW). S9 er - 73 dBm og S1 er - 121 dBm eins og sjá má í töflu 1.

S-mælir	Afl (dBm)	Spenna yfir 50 ohm
S9 + 60dB	- 13	50 mV
S9 + 50 dB	- 23	15,9 mV
S9 + 40 dB	- 33	5 mV
S9 + 30 dB	- 43	1,6 mV
S9 + 20 dB	- 53	0,5 mV
S9 + 10 dB	- 63	0,16 mV
S9	- 73	50 μ V
S8	- 79	25 μ V
S7	- 85	12,5 μ V
S6	- 91	6,3 μ V
S5	- 97	3,1 μ V
S4	-103	1,6 μ V
S3	-109	0,8 μ V
S2	-115	0,4 μ V
S1	-121	0,2 μ V

Tafla 1. S-einingar afl og spenna

Þegar bera á saman loftnet eða styrk stöðva innan ákveðinna nákvæmnismarka þurfum við kvarðað mælitæki. Í fljótu bragði virðist S-mælirinn vera undra góður. Getur mælt afl frá - 13 dBm niður í - 121 dBm (eða jafnvel niður í - 127 dBm ef "S0" er tekið með. Meira um "S0" seinna í þessari grein) með mismunandi valvísi og yfir stórt tíðnisvið. Svona tæki, þökkalega nákvæmt ætti eiginlega að kosta meira en allt sendiviðtækið. Við verðum því ekkert hissa þó einhverjir gallar finnst á mælinum.

Mynd 1, sem er á næstu síðu, sýnir árangurinn að mælingum á Yaesu FT-757GX sendiviðtæki með og án formagnara. Þegar S-mælirinn sýnir 1 og formagnarinn er í notkun hefði hann átt að sýna rúmlega 3. Skekkjan fer svo minkandi þar til mælirinn er réttur nálægt S5. Eftir það sýnir mælirinn of mikið. Þegar mælirinn fer frá S1 til S9 hefur hann í raun bara farið frá 3,2 til 8 eða tæplega 5 S einingar. Hugsum okkur nú að þú sért í sambandi við amatör NN sem ætlar að bera

Á heimasíðu W8WWV [5] er að finna mælingar á fjölmörgum sendiviðtækjum og virðast mér niðurstöðurnar staðfesta kvörðunarþörfina ef nota skal S-mælinn til að mæla afl eða til samamburðarmælinga. Sjáð töflu 2. en þar kemur fram að ekkert af tækjunum hefur 48 dB á milli S1 og S9.

Tæki (framl/tegund)	Fjöldi dB milli S1 og S9
Icom 756 PRO	17
Icom 756	23
Icom 706	16 (með formagnara)
Icom 706 MIIG	26
Icom 765	25
Yaesu 757GX	28 (með formagnara)
Yaesu FT-920	28
Kenwood TS-440	31
Kenwood TS-830	28

Tafla 2. Hér er sýnd afbreyting í dB sem þarf til að S-mælir fari frá S1 til S9. Mínar mælingar eru gerðar með formagnara en aðrar niðurstöður eru sóttar á heimasíðu W8WWV en hann mældi án formagnara á 14,2 MHz.

Þetta þýðir að flest tæki hafa of lítið bil á milli S-eininga og er þetta verst neðst á kvarðanum. Þar að auki virðist nokkuð tilviljanakent hversu sterkt merki þarf til að S-mælirinn sýni S9. Um það og margt annað athyglisvert er fjallað í [6]. Þangað hef ég sótt tölurnar í töflu 3 um næmleika mismunani tækja. Það er athyglisvert að SB104 þarf meira en 28 dB sterkara merki en FT101E til að sýna S9.

S-kvarðinn nær bara frá 1 til 9 en S-mælur eru oft með kvarða upp til 60 dB yfir S9. Sumir tækjaframleiðendur láta kvarðann byrja á núll (þó S-kvarðinn sé bara skilgreindur niður í S1). Þetta er óheppilegt því eins og við höfum séð geta flestir S-mælur ekki einu sinni mælt - 109 dBm (S2) hvað þá - 127 dBm (S1 - 6 dB). Margir amatórar vita þetta ekki og í staðinn fyrir að "gefa styrk eftir eyranu" lesa þeir beint af

mæli og gefa 5 og 1 sem þýðir "Ég les þig fullkomlega en heyri þig varla". Réttara er þá ef læsileikinn er 5 að gefa 5 og 2 eða 5 og 3. Ef kvarðinn er teygður niður til 0 þýðir 5 og 0 sennilega "Ég les þig fullkomlega en heyri ekkert í þér". Ég álit að með ókvarðaðan S-mæli sé oft betra að nota eyrað og ekki trú á blindni á mælinn.

Tæki	Næmni S9 (µV)
FT101E	10
IC701	20
TR7	20
FT301S	30
FT301	95
Atlas 350 XL	150
TS-120V	180
FT7	180
TS-820	200
SB104	265

Tafla 3. Hér er sýnt hversu háa spennu þarf að leggja á loftnetsinnangang til að tækismælir sýni S9

Heimildir

[1] Námsefni til nýliðaprófs, eftir Kristján Benediktsson, TF3KB.

[2] IARU Region 1 Conference in Miskolc-Tapolca 1978.

IARU Region I adopts as a provisional standard the value of 6 dB for the "S-point", and this value will be recommended to manufacturers of equipment.

[3] IARU Region 1 VHF/UHF/SHF Committee in Düsseldorf April 1989.

The S9 reference level for frequency bands above 144 MHz is -93 dBm available signal power at the receiver input.

[4] <http://www.ira.is> skoðuðu Námsefni, Desibel

[5]

<http://www.seed-solutions.com/gregordy>

[6] A calibrated S-meter eftir Robert J. Zavrel, Jr. W7SX. Ham Radio janúar 1986 blaðsíðu 23 til 27

73 de TF3SJ/LA0BX

Meiri bakþankar

Benedikt Guðnason TF3TNT



Ég atla að byrja á því að þakka Billa fyrir sýna gott fordæmi og skrifa málefnalegt mót svar í síðasta blað. Sumir eiga það nefnilega til senda mér “stór orðaðann” tölvupóst þegar ég ræði um viðkvæm mál á

opinberum vettvangi og þykir mér það ekki sæma heiðri góðra féлага.

Þetta er einmitt það sé ég óttaðist, menn hafa ekki alveg skilið hvert ég er að fara með þessu og halda að ég sé bara með þetta hefðbundna blaður um að minka kröfurnar og gera lífið of einfalt. Þvert á móti er ég að tala um að veita almenningi kost á að prófa amatörradíó af eigin raun. Einskonar lærlingsleyfi, án þess þó að ég vilji blanda

lærlings umræðunni inn í þetta. Eins og hálf s mánaðar rafeinda-, reglugerða- og morsenámskeið sem haldin eru á mest 6 mánaða fresti er stór biti til kyngja. Það fer enginn á námskeiðið nema viðkomandi viti virkilega hvað hann er að fara úti. Hitt er annað mál að fleiri myndu sjá sér hag í að koma á einnar helgar kynningar-námskeið og í frammhaldi af því og einföldu krossa-prófi geta fengið leyfi og kynnst amatör radíó af eigin raun næsta árið. En eins og þú segir Billi, þá þarf að athuga og skoða svona mál gaumgæfilega áður enn nokkuð er að hafst. Fyrir áhugasama þá lét ég með fylgja D hluta danska amatör prófsinns og geta þeir sem vilja spreytt sig á honum.

73 de TF3TNT

Hér gefur á að líta D hlutann af danska amatör prófinu og nú er að sjá hve margir af okkar félagsmönnum sleppi í gegnum prófið. svar hlutfall er 3/4 og svör við spurningunum er aftast.

Allt prófið er hægt að nálgast með slóðinni <http://www.itst.dk/wimpblob.asp?objno=119278880>

Ikke-teknisk prøve.

- 1) Effekten “P” måles i ?
A: Joule
B: Wattrimer
C: Heste
D: Watt
- 2) Hvilket bånd tilhører 144-146 Mhz ?
A: VHF
B: HF
C: MF
D: UHF
- 3) Spænding måles i:
A: Volt
B: Ohm
C: Watt
D: Ampere
- 4) Modstand måles i:
A: Ampere
B: Volt
C: Ohm
D: Watt
- 5) Hvad er spændingen, hvis du anvender lysnettet som energikilde?
A: 360 Volt
B: 230 Volt

Tvípólaður Moxon

Benedikt Guðnason TF3TNT

Við Axel TF3AX höfum verið að dunda við að smíða loftnet til gervihnatta notkunar. Þau eru þannig úr garði gerð að ekki þarf rótor til að snúa þeim, heldur eiga þau að sitja kyrr uppi á þaki. Þetta er því tilvalið fyrir þá sem ekki hafa ráð á, eða aðstöðu fyrir stór gervihnatta loftnet með X, Y og Z rótorum. Við erum enn að gera tilraunir með hönnunina og ef vel tekst til er ætlunin að gefa ÍRA eitt sett fyrir utan það sem við smíðum handa okkur sjálfum. Ef svo væri að einhverjir hefðu áhuga á að eignast svona loftnet, er ekkert því til fyrirstöðu að hafa samband við annan hvorn okkar, því fyrir höfnin fyrir okkur er sú sama hvort sem við gerum þrjú eða sex. Það eina sem ég set fyrir er að menn borgi fyrir efnis-kostnaðinn. Ég mun sennilega reyna skrifa eitthvað meira um þetta verkefni í næsta CQTF.

73 de TF3TNT

- C: 440 Volt
D: 50 Volt
- 6) Hvorfor er det vigtigt først at lytte på frekvensen man ønsker at anvende til en QSO ?
A: Antennen skal tilpasses
B: For ikke at forstyrre andres brug af frekvens
C: For at give mulighed for andre at kalde mig først
D: Man lytter ikke på frekvensen først
- 7) Sender og modtager du på samme frekvens, når du benytter en repeater til QSO?
A: Kan man selv vælge i opkaldsproceduren
B: Nej, jeg sender og modtager på forskellige frekvenser
C: Ja
D: Repeatere må ikke benyttes til QSO'ere
- 8) Hvilken antenntype er der tale om, når fødeimpedansen rent ohmsk har en værdi på ca. 36 ohm
A: Kvanbølgeantenne
B: Kan ikke bestemmes med en ohmsk værdi
C: Kunstantenne
D: Dipolantenne
- 9) Hvilken betydning har det at du anbringer din antenne så højt og frit som muligt ?
A: Har betydning for rækkevidden
B: På den måde overholdes stærkstrømsreglementet
C: Har ingen betydning
D: At antennen hører under masteloven
- 10) Et universalinstrumentet bør kunne måle jævn- og vekselspændinger mellem
A: 0 og 1000 V
B: 1 og 100 V
C: 10 og 100 V
D: 0,5 og 200 V
- 11) Har du pligt til som bruger af amatør-radioanlæg at sikre, at der ikke skabes forstyrrelser ?
A: Nej
B: Ja
C: Jeg har kun pligt til at afhjælpe forstyrrelser
D: Ikke, hvis jeg anvender amatør-radioanlæg der opfylder vedkommende Dansk radio grænseflade
- 12) Det internationale nødsignal på radio-telefoni hedder:
A: SOS
B: Help
C: Mayday
D: CQ
- 13) Hvad kalder man frekvensbåndet 144-146 MHz, i daglig tale?
A: 2 meter
B: 80 meter
C: 15 meter
D: 4 meter
- 14) Når din signalstyrke er 53, er det:
A: Svage signaler
B: God styrke
- C: Ret god styrke
D: Overordentlige kraftige signaler
- 15) Kan du som amatør-radio-bruger underlægges tavshedspligt ?
A: Nej
B: Kun for radiosignaler over 50 MHz
C: Ja
D: Kun for radiosignaler under 50 MHz
- 16) Hvilken hovedregel gælder for brug af telefoni på alle amatørband?
A: Tal tydeligt og langsomt, og brug et naturligt talesprog
B: Skift ikke frekvens efter anmodning, men bestem det selv
C: Lad dig ikke afbryde en QSO pga. en fremmed kaldende station
D: Ved brug af klicheer og kraftudtryk skal der anvendes korte udsendelser
- 17) Hvilken hovedregel gælder for brug af telefoni på alle amatørband?
A: Anvend ikke kaldesignal er i Q-tO'en,du ved jo hvem du taler med
B: Undgå klicheer og kraftudtryk, og vær taktfuld
C: Brug altid Q-koder, det fremmer forståelsen
D: Tal hurtigt, det nedsætter ventetiden på frekvensen
- 18) Hvordan lyder et typisk opkald via en repeater ?
A: Brake brake brake, er der nogen der kan høre mig?
B: Hvem er med her i dag?
C: Det var OZOABC, der åbnede repeateren, er der nogen QRV?
D: Er der nogen der lytter her?
- 19) I hvilken situation kan du miste dit certifikat ?
A: Hvis jeg groft eller gentagne gange overtræder lov om radiofrekvenser eller de i medfør heraf fastsatte regler og vilkår for tilladelsen
B: Man kan aldrig miste sin tilladelse
C: Hvis jeg ikke besvarer kaldende stationer
D: Hvis jeg fortæller, hvad jeg lige har hørt på en anden amatør-radio-frekvens
- 20) I hvilket tilfælde vil det være belejligt med en logbog?
A: En logbog føres kun for at kunne skrive QSL-kort
B: Ved klager over forstyrrelser
C: Ved enhver henvendelse til IT -og Telestyrelsen
D: Ved fornøyle af certifikatet

Svør: DAACB,BBAAA,BCAAC,ABCAB

Og nú er bara að drífa sig á stað.

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW

NRRL 75 ára

Norsk Radio Relæ Liga eða Norska radióamatörfélagið verður 75 ára á þessu ári. CQ TF óskar þeim til hamingju með afmælið.

Heimild Amatör radio

Endurvarpinn Pétur á Skálafelli

Laugadaginn 1. mars 2003 var settur 24dB formagnari á mótakarann á Pétri og við fyrstu prufanir hefur komið í ljós að endurvarpinn er umtalsvert betri en áður bæði eru ný svæði sem hann næst á núna og eins er betra merki inn á hann frá þektum stöðum. Með vorinu er ráðgert að koma fyrir nýju loftneti á hann þ.e. tveimur stökkuðum slimmum sem ættu að geta gefið um 8 dB mögnun ef vel tekst til.

Heimild TF3GW

LA2RR Ole Garpestad 50 ára

Ole er Íslenskum radióamatörum að góðu kunnur og heimsótti okkur fyrir nokkrum árum. Hann hefur starfað mikið fyrir fyrir radióamatöra bæði í Noregi og víðar. Hann var m.a. NRAU/IARU tengiliður hjá NRRL, formaður NRRL 2000-2002 og er nú forseti stjórnar IARU Regin 1. CQ TF óskar honum til hamingju með afmælið sem var 6. mars 2003.

Heimild Amatör radio

LA6ZH Ruth 85 ára.

Ruth er Íslenskum radióamatörum einnig að góðu kunn og heimsótti okkur 1995 og er mynd af henni ásamt hóf af félagsmönnum ÍRA á forsíðu fyrsta tölublaðs CQ TF það ár. CQ TF óskar henni til hamingju með afmælið sem var 7. apríl 2003

Heimild Amatör radio

Fyrsta eDX100 Awardið.

Dov Gavish 4Z4DX er fyrsti radióamatörinn sem nær þessum merka áfanga hjá eQSL.cc. Þetta award hlýtur hann fyrir að hafa fengið eQSL kort frá 100 DXCC löndum hjá eQSL.cc.

Heimild WorldRadio

Logger

Log forritið Logger, sem er samið af K4CY, er nú komið í 32 bita Windows útgáfu. Forritið er ókeypis öllum þeim er vilja gangast undir notkunarskilmála höfundar og er hægt að nálgast það á netinu á slóðinni <http://www.qsl.net/kc4elo/> Vilhjálmur TF3VS er einn af Beta prófumur forritsins og hælir hann því mjög.

Heimild TF3VS

Annual commemoration of D-DAY

Like every year, the SFDXAG will activate from 5 through 8 June 2003 from the "PEGASUS BRIDGE" memorial museum with the call F/ON6JUN/P in memory of D-DAY in all bands and all modes. QSL via bureau or directly via ON4AFU

Visit our site: <http://www.qsl.net/on6jun>

The SFDXAG is thanking you in advance for your kind cooperation.

Yours sincerely For the SFDXAG
Willy LAMBERT ON4LBV

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Aðalfundur ÍRA 2003

Aðalfundur ÍRA

**Verður haldinn í nýju húsnæði
félagsins í þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík**

**Laugardaginn 17. maí 2003
kl. 14.00**

**Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál**

Félagar ÍRA eru hvattir til að fjölmenna

Stjórn ÍRA